

Skerðingar réttinda sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda (SL).

Ár	Tryggingarfræðileg staða
2000	2,6%
2001	-0,4%
2002	-5,9%
2003	-6,9%
2004	-2,0%
2005	6,0%

Áunninn réttur hefur aldrei verið skertur en framtíðarréttindi hafa verið lækkuð undanfarin ár. Helgast það af tvennu, verulega aukinni örorkubyrgði og einnig auknum lífslíkum.

Þann 1. janúar 2005 tóku gildi nýjar samþykktir fyrir SL vegna slæmrar stöðu SL í árslok 2003.

- Ellilífeyrisstuðull lækkaður úr 1,65 í 1,55 eða um 6,1%.
- Örorkulífeyrisstuðull lækkaður úr 1,65 í 1,55 eða 6,1%.
- Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu 3 mánuði eftir orkutap, var áður greitt frá orkutapi.
- Makalífeyristuðull lækkaður úr 0,825 í 0,775.
- Makalífeyrir greiddur lengst í sjö ár. Var áður til æviloka eftirlifandi maka.

Þessar skerðingar drógu úr framtíðarskuldbindingum SL um 2,8 milljarðar króna eða úr -6,9% í -1,7% miðað við stöðu í árslok 2003.

Þann 1. janúar 2006 tóku gildi enn nýjar samþykktir. Fólu þær m.a. í sér lakari réttindi til framtíðar en áður.

- SL tekur upp aldurstengda réttindaávinnslu. Tryggð eru áfram réttindi fyrir virka sjóðfélaga í jafnri réttindaávinnslu. Miðað er við verðbætt iðgjöld ársins 2003. Öll iðgjöld umfram það í aldursháða réttindaávinnslu. Lakari réttindaávinnsla til framtíðar en áður. Staðan batnar.
- Framreikningur vegna örorku- og makalífeyris nú til 65 ára í stað 67 áður. Lækkar lífeyri.
- Skilyrði um að orkutap hafi varað a.m.k í 6 mánuði. Var áður 3 mánuðir áður en hægt er að sækja um.
- Orðið tekjumissir skilgreint nákvæmlega og allar tekjur sem sjóðfélagi fær vegna örorkunnar teknar með þ.m.t. frá Tryggingarstofnun.
- Send bréf til þeirra öryrka sem hafa tekjur umfram viðmið 2005 um skerðingu eða niðurfellingu. Er í vinnslu.

Þrátt fyrir að staða SL sé traust um þessar mundir er halli á framtíðarskuldbindingum sjóðsins sem nam í árslok 2005 4,4 milljörðum króna eða -15,2% af framtíðarskuldbindingum.

Einnig má benda á að skuldbindingar (í tryggingarfræðilegum úttektum) SL vegna örorkulífeyris hafa numið undanfarin ár 10,9% - 11,6% sem hlutfall af heildarskuldbindingum. Í árslok 2005 námu skuldbindingar vegna örorkulífeyris 13,1% sem hlutfall af heildarskuldbindingum. Þetta er aukning um 13 – 20% á stuttum tíma.

Hefði heildarskuldbinding vegna örorkulífeyris numið 11% í stað 13,1% í árslok 2005 hefði munað 1,5 milljarðir króna. Í stað 8,3 milljarða eins og staðan var hefði heildarskuldbinding vegna örorkulífeyris numið 6,8 milljörðum. Staða SL numið 8,4% í stað 6% eins og hún var.

Reykjavík 8. desember 2006  
Virðingarfyllst.,

Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri.